

Leiðarljós

SSR hefur virðingu, jafnræði og mannhelgi að leiðarljósi

Þessi gildi koma fram í Lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992:

„Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi“

Þjónustustefna SSR

SSR stefnir að því að veita þjónustu:

sem kemur til móts við óskir og þarfir fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra

- með óskum er átt við að veita þá þjónustu sem leitað er eftir
- með þörfum er átt við að þörf fyrir þjónustu sé metin

sem felur í sér gæði, fagmennsku og hagkvæmni

- með gæðum er átt við að þjónustan komi til móts við óskir og þarfir
- með fagmennsku er átt við að þjónusta sé veitt af þekkingu, færni og ábyrgð
- með hagkvæmni er átt við að fjárveiting nýtist sem best

með virðingu og reisu

- með virðingu er átt við kurteisi, ábyrgð og umhyggju í daglegum samskiptum
- með reisu er átt við virðingu fyrir almennum mannlegum gildum í lífi og starfi

Stjórnunarstefna SSR

Stjórnunarhættir SSR byggja á sviðsskiptri verkefnastjórn

- með sviðsskiptingu er átt við að að starfseminni sé skipt í 5 megin svið: barnasvið, fullorðinssvið, starfmannasvið, rekstrarsvið og þróunar- og greiningarsvið

- ◆ með verkefnastjórn er átt við að einstakir starfsþættir séu skilgreindir sem sérstök afmörkuð verkefni og unnin af verkefnahópum með skýra ábyrgð

Starfsmannastefna SSR

Markmiðið er að hjá SSR starfi dugmikið, ánægt og hæft starfsfólk sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi.

Þessum markmiðum nær SSR með:

skilvirkum ráðningum

- ◆ velja hæfustu einstaklingana til starfa án tillits til kynferðis og kynhneigðar en að öðru jöfnu stefna að svipaðri þátttöku beggja kynja í öllum störfum
- ◆ gildandi kjarasamningum er fylgt og ákvæði þeirra túlkuð með hliðsjón af hagsmunum starfsfólks og SSR

stöðugu mati á frammistöðu

- ◆ starfsfólk er metið að verðleikum í störfum sínum hjá SSR
- ◆ ábyrgð, frumkvæði, árvekni, jákvæð afstaða og hrein samskipti við aðra starfsmenn eru eiginleikar sem hafðir eru til hliðsjónar

öflugu starfsumhverfi

- ◆ miðað er við að starfsumhverfið uppfylli nútímakröfur um öryggi og vellíðan þannig að SSR sé góður vinnustaður sem veitir fólki ánægju í starfi
- ◆ SSR er vinnustaður án allra vímu- og fíkniefna

virkrri upplýsingamiðlun

- ◆ sköpuð eru skilyrði fyrir opin gagnvirk samskipti starfsfólks og stjórnenda
- ◆ upplýsingum er miðlað til starfsfólks um markmið SSR, fyrirhugaðar framkvæmdir og breytingar
- ◆ meðal boðleiða eru tölvupóstur, heimasíða, starfsmannafundi, forstöðumannafundur, öryggisnefnd, fræðslunefnd og tilkynningatöflur starfsstöðva

fræðslu og símenntun

- ◆ fræðsla og þjálfun fer fram með endurmenntun og markvissum námskeiðum í samræmi við fræðsluáætlun sem gerð skal fyrir hvert almanaksár

Umhverfisstefna SSR

Markmið umhverfisstefnu SSR eru:

- ◆ að standa vörð um náttúru landsins
- ◆ að starfsemi SSR hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfi sitt
- ◆ að SSR sé til fyrirmyndar í umhverfismálum
- ◆ að SSR leggi sitt að mörkum í sjálfbærri þróun með framtíðina í huga

Megináherslur í umhverfisstefnu SSR eru:

- ◆ að halda orkunotkun í lágmarki
- ◆ að ástunda umhverfisvæn innkaup
- ◆ að halda úrgangi í lágmarki – auka endurvinnslu
- ◆ að ástunda umhverfisvænar samgöngur og fundi
- ◆ að efla umhverfisvitund með fræðslu

Upplýsingastefna

Meginmarkmið upplýsingastefnu SSR er:

- ◆ að markmið og hlutverk SSR séu öllum skýr og að almenningur eigi þess kost að fylgjast með starfsemi SSR
- ◆ að traust ríki í samskiptum SSR við notendur, aðstandendur og samstarfsaðila
- ◆ að starfsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum innan SSR
- ◆ að þagnarskylda og verkaskipting í upplýsingamálum sé starfsmönnum ljós og framkvæmd markviss og fagleg